

Alþingi - Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. júní 2010  
Tilvísun: UST20100500082/ki

### Umsögn - Frumvarp til umferðarlaga, 138. löggjafarþing, 553. mál.

Með tölvubréfi, dags. 17. maí 2010, sendi samgöngunefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til umferðarlaga, 553. mál.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við 30. gr. frumvarpsins. Að mati Umhverfisstofnunar færi betur á að tilgreina í greininni að akstur utan vega utan þéttbýlis fari eftir lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, líkt og kveðið er á um í 5. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987. Mikilvægt er að enginn vafi leiki á því að lög um náttúruvernd gildi um akstur utan vega utan þéttbýlis.

Umhverfisráðuneytis hefur nýlega kynnt aðgerðaráætlun til að draga úr náttúruspjöllum af völdum utanvegaaksturs. Fyrirliggur að náttúruverndarlög verða endurskoðuð m.a. með hliðsjón af akstri utan vega utan þéttbýlis og því mikilvægt að engin vafi sé á að náttúruverndarlögin gildi um akstur utan vega utan þéttbýlis.

Umhverfisstofnun vill jafnframt benda á að svo virðist sem heimilt verði að aka á ökutækjum á hjólastígum og reiðstígum verði frumvarpið að lögum. Umhverfisstofnun leggur til að tilgreint verði í 2. ml. 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins að bannað sé að aka á stígum sem í eðli sínu gera ekki ráð fyrir umferð vélknúinna ökutækja, t.d. á hjólreiðastígum og reiðstígum.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsdóttir